



Akraneskaupstaður

## ERINDISBRÉF STARFSHÓPS UM SAMRÁÐ OG STEFNUMÓTUN ALDRAÐA

### Markmið með stofnun starfshópsins:

Markmið starfshópsins er að móta efla samráð og móta stefnu í málefnum aldraða á Akranesi.

### Ábyrgðaraðili:

Bæjarráð/bæjarstjóri.

### Hlutverk:

Meginverkefni starfshópsins verður eftirfarandi:

### Félagsstarf eldri borgara:

- Kanna hvaða húsnæði væri hægt að nýta fyrir félagsstarf samhliða og/eða í staðinn fyrir núverandi aðstöðu að Kirkjubraut, þar til mál skýrast með Dalbraut 6.
- Samstarf við skipulags- og umhverfisráð varðandi hugsanlega uppbyggingu á þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara á Dalbrautarreit.
- Samráð við velferðarráðuneyti varðandi umsókn um styrk til stofnunar félagsmiðstöðvar fyrir eldri borgara úr framkvæmdasjóði aldraðra.

### Búsetuúrræði fyrir eldri borgara:

- Kanna þörf á búsetuúrræðum fyrir eldri borgara á Akranesi.

### Þjónusta við eldri borgara:

- Fjalla um stöðu heimabjónustu og heimahjúkrunar.
- Fjalla um tengsl ríkis og sveitarfélaga er varðar málefni eldri borgara.

### Samráð við eldri borgara:

- Að setja fram skoðun um hvernig hann sér heildarþróun í málefnum eldri borgara á Akranesi og nágrenni á næstu árum og til lengri framtíðar. Á hvað þarf að leggja áherslu í þjónustu opinberra aðila og hvernig sjáum við virkni og heilbrigði eldri borgara verði best fyrir komið í bráð og lengd.
- Skili af sér tillögum um stofnun þriðju kynslóðar ráð (öldungaráð), sem verði bæjarstjórn til ráðgjafar.



# Akraneskaupstaður

## Verklag:

- Starfshópurinn skal funda að lágmarki á eins mánaðar fresti.
- Starfshópurinn skal skrá í fundagerðir þau atriði og ákvarðanir sem skipta máli í tengslum við störf teymisins.

## Gögn sem starfshópurinn hefur m.a. til hliðsjónar:

- Mótun stefnu í þjónustu við aldraða. Velferðarráðuneytið 2016
- Framtíðarskipulag í þjónustu við eldri borgara á Akranesi. Skýrsla 2012
- Reglugerð um framkvæmdasjóð aldraðra nr. 1/2011
- Útgefið efni sem tengist þjónustu eldri borgara í Tønder kommune í Danmörku

## Fulltrúar í starfshópnum:

- Vilborg Þórunn Guðbjartsdóttir formaður velferðar-og mannréttindaráðs
- Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs
- Jóhannes Finnur Halldórsson, formaður FEBAN
- Júlíus Már Þórarinsson varformaður FEBAN

## Til ráðgjafar:

- Laufey Jónsdóttir, verkefnastjóri heimaþjónustu

Starfshópurinn hefur svigrúm til að kaupa að þjónustu verkefnastjóra vegna einstakra verkefna í samráði við bæjarstjóra.

## Starfstími:

Erindisbréfið gildir frá 1. desember 2016 til 1. desember 2017.

Akranesi, 24. nóvember 2016

BÆJARSTJÓRINN  
Regína Ásvalda Þórssen  
bæjarstjóri